



Forsætisnefnd

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, Miðflokks og Flokks fólksins um vinnuaðstöðu borgarfulltrúa í Tjarnargötu 12

Á fundi forsætisnefndar 14. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, Miðflokks og Flokks fólksins:

Óskað er upplýsinga um starfsaðstöðu borgarfulltrúa í Tjarnargötu 12 í ljósi þess að farið var í miklar breytingar á húsinu vegna fjölgunar borgarfulltrúa. Breytingarnar voru taldar nauðsynlegar svo hægt væri að útvega öllum borgarfulltrúum starfsaðstöðu. Nú er hins vegar komið í ljós að þar eru ekki nema 15 skrifborð þannig að ekki hafa allir borgarfulltrúar né 1. varaborgarfulltrúar starfsaðstöðu á Tjarnargötu 12. Fyrir breytingar voru þar 15 skrifborð svo vandséð er hvers vegna var farið í kostnaðarsamar breytingar úr því ekki er hægt að koma fyrir fleiri borgarfulltrúum þar. Er ætlunin að bjóða öllum borgarfulltrúum upp á ákjósanlega starfsaðstöðu?

Í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg kemur fram að Reykjavíkurborg leggur hverjum borgarfulltrúa til skrifstofu og almennan skrifstofubúnað, þ.m.t. fartölvu, auk aðgangs að fundaraðstöðu.

Fyrir árið 2013 voru borgarfulltrúar með einkaskrifstofur á 2. og 3. hæð að Tjarnargötu 12. Árið 2013 var ákveðið að færa skrifstofur Innri endurskoðunar á 3. hæðina úr Ráðhúsinu m.a. í ljósi þess að skrifstofur borgarfulltrúa voru afar illa nýttar. Við þær breytingar fengu borgarfulltrúar 2. hæðina til umráða, að mestu óbreytta. Eftir borgarstjórnarkosningar árið 2014 varð ljóst að gera þyrfti ráð fyrir starfsaðstöðu fyrir 21 borgarfulltrúa og var þá nauðsynlegt að gera tilgreindar breytingar á 2. hæðinni. Eins og áður var gert ráð fyrir starfsaðstöðu borgarstjóra og formanns borgarráðs í Ráðhúsinu en þá bættist forseti borgarstjórnar og formaður stjórnkerfis- og lýðræðisráðs í þann hóp. Þá var ákveðið að sameina einstaklingsskrifstofur í stærri rými með vinnuaðstöðu fyrir fleiri borgarfulltrúa. Í lok síðasta kjörtímabils voru á hæðinni fimm aflokuð skrifstofurými með vinnuborðum fyrir 12 borgarfulltrúa. (Fjórar vinnustöðvar hjá Samfylkingunni auk fundarborðs, fjórar hjá Vinstri grænum, Bjartri framtíð og Pírötum, tvær hjá Framsókn og flugvallarvinum og fimm

Vinstri grænum, Bjartri framtíð og Pírötum, tvær hjá Framsókn og flugvallarvinum og fimm hjá Sjálfstæðisflokknum sem breytt var í tvær vinnustöðvar auk fundarborðs að þeirra beiðni). Eina bókanlega fundaðstaðan á hæðinni var inni í kaffistofu borgarfulltrúa.

Borgarstjórn samþykkti þann 19. september 2017 að fjöldi borgarfulltrúa myndi verða á yfirstandandi kjörtímabili í lögbundnu lágmarki, 23 borgarfulltrúar, við sveitarstjórnarkosningar sem fram fóru þann 26. maí 2018. Forsætisnefnd var falið að vinna að nauðsynlegum breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg, sem og öðrum samþykktum eftir því sem við á. Tillögur að breytingum á sal borgarstjórnar og vinnuaðstöðu borgarfulltrúa voru kynntar og samþykktar á fundi forsætisnefndar þann 1. desember 2017 og 19. janúar 2018. Forsætisnefnd lagði áherslu á að útbúin yrði góð vinnuaðstaða fyrir borgarfulltrúa þar sem gert yrði ráð fyrir samnýtanlegum borðum (hot desk), læstum skápum fyrir gögn og að bætt yrði við bókanlega aðstöðu fyrir fundahöld í Tjarnargötu 12. Einnig lagði forsætisnefnd áherslu á að borgarfulltrúar fengju til afnota aðstöðu fyrir viðtalstíma sína við borgarbúa.

Í samræmi við þá uppdætti sem kynntir voru forsætisnefnd var hafist handa við breytingar í sumarleyfi borgarstjórnar í júlí og ágúst og var unnt að taka vinnuaðstöðuna í notkun í byrjun september. Veggir voru teknir niður og gerður salur sem er opið skrifstofurými fyrir fimmtán borgarfulltrúa þar sem áður var vinnuaðstaða fyrir tíu manns. Í salnum eru fimmtán borð og stólar auk þess sem komið verður fyrir skilrúmum og læstum munaskápa. Innréttuð voru tvö fundarherbergi fyrir borgarfulltrúa þar sem áður var vinnuaðstaða. Á sama tíma var unnið að m.a. endurbótum á gólfum, gluggum og málun á veggjum auk þess sem ráðast þurfti í utanhússviðgerðir vegna leka á húsinu.

Breytingarnar sem ráðist var í höfðu þau áhrif á vinnuaðstöðu borgarfulltrúa að þremur herbergjum, þar sem voru vinnustöðvar fyrir 10 borgarfulltrúa, og gangi var breytt í opið rými með 15 samnýtanlegum vinnustöðvum auk viðeigandi búnaðar. Rými sem áður hafði tvær vinnustöðvar og fundarborð er nú tvö bókanleg fundarherbergi, annað rúmar u.þ.b. 6 manns og hitt u.þ.b. 12. Kaffistofa borgarfulltrúa, sem áður nýttist sem fundarherbergi er nú einungis hugsað sem kaffirými. Aðstaða fyrir ritara nýttist nú sem símaklefi eða lítið fundarherbergi. Til viðbótar við þetta rými hefur verið útbúin aðstaða í norðurhluta jarðhæðar sem ætlað er sem viðtals og fundarrými fyrir borgarfulltrúa með aðilum utan borgarstjórnar, auk kaffi- og móttökuaðstöðu. Áfram er fundarherbergi á jarðhæð við inngang í vinnurými borgarfulltrúa.

Þegar ákvörðun var tekin um innra fyrirkomulag á Tjarnargötu 12 var fundafyrirkomulag ráða og nefnda haft til hliðsjónar en augljóst þótti að sú staða kæmi væntanlega aldrei upp að allir borgarfulltrúar þyrftu að nýta vinnuaðstöðu sína á sama tíma þar sem hluti þeirra væri alltaf bundinn við fundarsetu. Þeir útreikningar virðast hafa verið réttir þar sem ekki hefur enn komið upp sú staða að borgarfulltrúi hafi þurft frá að hverfa vegna þess að ekki var laus vinnuaðstaða. Ef sú staða hefði komið upp/mun koma upp er alltaf möguleiki að endurskoða hlutverk fundarherbergja borgarfulltrúa.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar